

AUGLÝSING

um breytingu á deiliskipulagi í Skeiða- og Gnúpverjahreppi

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti sveitarstjórn Skeiða- og Gnúpverjahrepps eftirfarandi deiliskipulagsáætlun.

Deiliskipulag, Hólaskógur, Gnúpverjaafréttur.

Í deiliskipulaginu felst afmörkun fjögurra lóða. Á lóðinni Hólaskógur 1 (15.000m^2) er til staðar fjallaskáli og er heimilað að byggja við hann allt að 150m^2 fyrir hreinlætisaðstöðu. Á lóðinni Hólaskógur 2 (5.241m^2) er gangnamannaskáli sem verður varðveittur. Á lóðinni Hólaskógur 3 (2.278m^2) er fjallaskáli sem heimilað er að endurgera og stækka í 250m^2 . Á lóðinni Hólaskógur 4 (195.446m^2) verði safngirðing fyrir fé og hross.

Samþykkt í sveitarstjórn þann 3. október 2018.

Ofangreind deiliskipulagsáætlun hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og öðlast þegar gildi.

Laugarvatni, 24. janúar 2019.

Skipulags- og byggingarfulltrúi Uppsveita bs.

Rúnar Guðmundsson

